

Ed.

110. Nefndarálit

um frumvarp til laga um skipamiðlara.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta eftir föngum og reynt að afla sjar þeirrar þekkingar á málefningu, er henni var mögulegt á þessum stutta tíma, sem hún hafði yfir að ráða.

Nefndin fekk til athugasemjar allitarlegt frumvarp (í handriti) til laga um verslunar- og siglingamiðla, er hún athugaði, en komst að þeirri niðurstöðu, að bæði vantaði tíma til þess að afgreiða svo langt og vandasamt frumvarp á einu aukapingi, sem að líkindum var vel hálfnað þegar það barst nefndinni, og svo væri miðilsstarfið svo mjög á byrjunarstigi, að tæpast væri kominn tími til að semja mjög itarleg lög í því efni, þar sem reynslan væri svo lítil og lög þau, er sett hafa verið í nágrannalöndunum, eru í ýmsum greinum mjög frábrugðin hver öðrum í mörgum aðalatriðum, og því erfitt um að velja, hvað taka á til fyrirmyndar meðan engin eða lítil reynsla er fengin hjer á landi.

Hins vegar var nefndinni það ljóst, að hjer er um þýðingarmikið mál að ræða, sem ekki má dragast að setja lög um, er tryggji mönnum það að eiga kost á að geta snúið sjer til einhvers þess manns, sem bæði er vaxinn þessum starfa og um leið viðurkendur valinkunnur maður.

Nefndin bar þetta mál undir Verslunarráð Íslands og fekk skriflegt svar frá því, dags. 9. þ. m., sem hljóðar þannig:

»Eins og kunnugt er, þá er skipamiðlarastarfsemi í fyrstu byrjun hjer á landi. Lög þau, er sett hafa verið í nágrannalöndum vorum um skipamiðlarastarfsemi, eru með ýmsu móti, og í mörgum aðalatriðum eru lögín mjög frábrugðin hver öðrum. Með tilliti til þessa og sjerstaklega þó vegna þess, að hjer á landi hagar á margan hátt alt öðruvisi til en í nágrannalöndunum, þá verður að fara gætílega á stað í því efni að lögskipa um störf skipamiðlara, og virðist oss frumvarp það, er fyrir liggur, fara rjetta leið í málinu. Aðalatriðið er, að hjer verði kostur á starfshæfum skipamiðlurum, sem trygging er fyrir að verði óvillhallir í starfi sínu, og álitur ráðið, að því takmarki megi ná með hjer umræddu frumvarpi«.

Verslunarráðið kemst þannig að sömu niðurstöðu, sem vjer höfðum komist, og ætti það að vera nokkur trygging fyrir því, að flutningsmaðurinn hafi hitt rjetta leið í málinu, eftir því sem nú á stendur.

Í frumvarp þetta vantar að visu ákvæði um, hvað skipamiðlar eiga og mega hafa á hendi, en það álitur nefndin nægja að tekið sje fram í reglugerð, er stjórnarráðið setur.

Nefndin hefir því fallist á frumvarp þetta í aðalatriðunum, en vill þó gera nokkrar smábreytingar á því.

1. Alstaðar í frumvarpinu, þar sem standa »skipamiðlarar« komi: skipamiðlar, skipamiðill o. s. frv.
2. Nefndinni virðist það ekki nægilegt, að skipamiðill hafi óslekkad mannorð, því að því skilyrði fullnægja hundruð eða þúsundir manna, sem þó eru óhæfir til starfsins, en aðalatriðið er, að maðurinn sje, auk þess að hafa hæfileika til starfsins, alþektur heiðursmaður, sem allir geta treyst.
3. Nefndinni virðist og rjett að drepa á það í frumvarpinu, að á miðlum hvíli full skaðabótaskylda gagnvart viðskiftamönnum þeirra.

Nefndin ræður því hinni háttv. deild til þess að samþykkja frumvarpið með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr.

Greinin orðist svo:

Stjórnarráðinu er heimilt, eftir tillögum bæjarstjórna, og að

Því er Reykjavík snertir, Versluðarráðs Íslands, að löggilda skipamiðla í kaupstöðum.

2. Við 2. gr.

Greinin orðist svo:

Enginn getur öðlast löggildingu sem skipamiðill nema hann sje fullra 25 ára að aldri, valinkunnur maður, fjár síns ráðandi og eigi í þjónustu annara. Í reglugerð, er stjórnarráðið setur, skal nánara ákveðið, hver störf löggiltir skipamiðlar mega hafa á hendi, og enn fremur má með reglugerð ákveða þóknun fyrir tiltekin skipamiðilsstörf.

3. Við 3. gr.

Fyrir »skipamiðlari« komi:
skipamiðill.

4. Við 4. gr.

Greinin orðist svo:

Nú fullnægir löggiltur skipamiðill eigi lengur skilyrðum þeim, er lög þessi setja fyrir löggildingu, og skal stjórnarráðið þá svipta hann löggildingu.

5. Við 5. gr.

a. Fyrir »skipamiðlarar« komi:
skipamiðlar.

b. Aftan við greinina bætist:
enda beri þeir og ábyrgð á gerðum sínum sem slikir.

6. Við fyrirsögnina.

Fyrir orðið »skipamiðlara« komi:
skipamiðla.

Alþingi, 12. maí 1918.

Guðjón Guðlaugsson,
form. og frsm.

Jóh. Jóhannesson,
fundaskr.

Magnús Torfason.